

94
6. nóv.

X. *Sektarákvæði o. fl.*

30. gr.

Með brot gegn reglugjörð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki alt að 50 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í bæjarsjóð Ísafjarðar.

31. gr.

Með reglugjörð þessari er úr gildi feld reglugjörð um slökkviliðið í Ísafjarðarkaupstað frá 1886, og ákvæði fundarskapa fyrir Ísafjarðarkaupstað um meðlimatölu brunamálanefndar, staðfest 5./6. 1918.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 17, 15. júní 1926, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. desember 1926 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. nóvbr. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

95
11. nóv.

SAMPYKT

um

samgirðingu fyrir norðurhluta Áshrepps og framhluta Sveinsstaðahrepps vestan Vatnsdalsár.

Hreppsnefndirnar í Áss- og Sveinsstaðahreppum hafa samkvæmt girðingarlögunum frá 22. nóv. 1913 gjört eftirfylgjandi samþykkt um samgirðingu fyrir jarðirnar Gilsstaði, Flögu, Helgavatn, Hnjúk, Breiðabólstað, Umsvali og Miðhús.

1. gr.

Girða skal á merkjum milli Gilstaða og Kornsár út hálsinn sem næst Gljúfurá að Gljúfurárgili fyrir suðvestan Umsvali og skal girðingin vera fimmþætt gaddavírsgirðing eða vírnet og að öðru leyti eins og krafist er með fullkomna girðingu.

2. gr.

95

11. n.óv.

Kostnaði öllum við lagningu girðingarinnar og árlegum viðhaldskostnaði, afborgun af láni til girðingarinnar og vöxtum af því, skal jafna niður á allan sauðfjenað og öll hross á girðingarsvæðinu tamin og ótamin, telst 1 hross móti 5 kindum. Allar frjálsgreiðslur vegna girðingarfjelagsins ábyrgjast allir þeir á girðingarsvæðinu sem ofan nefndan fjenað eiga, sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Gjöld þessi má taka lögtaki.

3. gr.

Nú vill ábúandi einhverrar jarðar á girðingarsvæðinu girða sig af og hefir hann þá rjett til að krefjast þess, að þeir sem land eiga að kosti þær girðingar að hálfu leyti á móts við hann.

4. gr.

Fjelagsmenn eru allir þeir sem heimili eiga á girðingarsvæðinu og greiða minst 4 kr. árlega til girðingarinnar og hafa sama atkvæðisrjett um þau mál er girðinguna varða.

5. gr.

Fjelagið kýs sjer 3ja manna stjórn til eins árs í senn, og skal hún hafa alla umsjón með framkvæmdum fyrir girðinguna og viðhaldi. Jafna niður gjöldum á fjelagsmenn og innheimta þau, einnig boða til fundar fyrir fjelagið o. s. frv.

6. gr.

Stjórn fjelagsins skal kosin nú þegar, og framvegis á aðalfundi er skal haldinn eigi síðan en í febrúarmánuði ár hvert, skal þá leggja fram niðurjöfnun gjalda og önnur reikningsskil fjelagsins til samþyktar. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið og öll gjöld fallin í gjalddaga í lok þess.

7. gr.

Taki ábúandi einhverrar jarða á girðingarsvæðinu fjenað til geymslu utan girðingarfjelagsins, skal greitt af honum í sjóð fjelagsins tvöfalt gjald móts við gjaldskyldan fjenað fjelagsmanna, hvort sem fjenaður sá er lengur eða skemur. Undanþegin þessu gjaldi er allur fóðrafjenaður og hagagönguhross yfir veturinn.

8. gr.

Allur fjallskyldur fjenaður á girðingarsvæðinu skal rekinn til afrjettar að vorinu svo fljótt sem hægt er og engum heimilt að hafa ótamin hross önnur en söluhross innan girðingarsvæðisins eftir að stjórnin telur fært að reka til afrjettar og hefir aðvarað menn með að reka,

95
11. nóv.

9. gr.

Öll brot mót samþykkt þessari varða sektum alt að 20 kr.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 66, 22. nóv. 1913, til að öðlast gildi 1. desember þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. nóv. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

96
9. des.

SAMÞYKT

um

breyting á samþykkt 16. maí 1904 um breyting og viðauka að byggingar-samþykkt Reykjavíkur frá 7. sept. 1903.

4. gr. tjeðrar samþykta orðist þannig:
Fyrir byggingarleyfi skal greiða gjöld er hjer segir:
- I. a. Fyrir leyfi til að reisa ný hús 10 auru fyrir hvern teningsmeter í húsinu, mælt frá kjallaragólfi eða ytri jarðarflöt, ef eigi er kjallari, að efri brún á efsta lofti. Gjald skal telja í heilum krónum og ekki minna en 5 kr. fyrir einstakt leyfi.
 - b. Fyrir að stækka eldri hús greiðist sama gjald af rúmmáli viðbótarinnar.
 - II. Fyrir önnur byggingarleyfi greiðast 5 kr.
Gjöld þessi falla í bæjarsjóð.

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt 5. gr. laga 13. sept. 1901 um breyting á tilskipun 20 apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík og viðaukalögum 23. okt. 1903 við nefnd lög, til að öðlast gildi 1. janúar 1927.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. des. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.